

### **Náms- og starfsráðgjöf; heimsóknir í framhaldsskóla**

Í 10. bekk eru tvær kennslustundir á viku sem við nefnum menntun og störf (MEST). Í þessum tímum fá nemendur fræðslu um framhaldsskólakerfið og kynnast hinum ýmsu störfum og menntunarkröfum. Í tengslum við þessa tíma fara nemendur í heimsóknir í flesta framhaldsskóla. Þessar heimsóknir auðvelda nemendum val á framhaldsskóla þegar að því kemur. Lögð er áhersla á að nemendur skoði vel þá valkosti sem eru í boði og velji námsáfangi sem styðja við þeirra sterku hliðar og áhugasvið.

Sá kennari sem sér um námsáfangann *menntun og störf* er Helga Júlía Vilhjálmisdóttir, [helgajuliav@gmail.com](mailto:helgajuliav@gmail.com)